



## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

### 5. fundur, haldinn á Teams, þriðjudaginn 15. desember 2020, kl. 17:00

**Fundinn sátu:** Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Hulda Árnadóttir, Þór Ólafsson, Marta Sigurjónsdóttir, Kristín Ívarsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og Guðbjörg Snorradóttir. Eva Hrund Gunnarsdóttir sat fundinn fyrstu tvo dagskrárliðina.

**Boðuð forföll:** Engin

**Fundargerð ritaði:** Sólveig Jónsdóttir

#### 1. Fjárhagsáætlanir vegna sérstakra aðstæðna ársins 2020. – Til upplýsinga

Eva Hrund kynnti uppfærðar fjárhagsáætlanir miðað við ólíkar niðurstöður ársins 2020 útfra mögulegum endurgreiðslum til Afrekssjóðs ÍSÍ og hvernig stuðningur ríkisstjórnarinnar kemur til með að vera vegna greiðslna til verkataka sem starfa fyrir sambandið. Fjármálastjóri bjó til þrjár áætlanir og fór yfir mismunandi útkomu þeirra á fundinum.

Umræður. Gott að hafa þessa yfirsýn og vera tilbúin með mismunandi útfærslur eftir því hvernig niðurstaða afrekssjóðs verður.

#### 2. Tilboð í tryggingar frá Sjóvá – Til upplýsinga

Eva Hrund fór yfir tilboð frá Sjóvá í tryggingar í Leyfiskerfi FSÍ sem fyrirhugað er að innleiða haustið 2021. Tilboðið er nokkuð gott og í samræmi við þær væntingar sem voru til þess.

Umræður. Stjórn óskar eftir nánari útlistun á útfærslu ef upp kemur slys og einnig hvort að um endurgreiðslu möguleika sé að ræða á svipaðan hátt og þeir bjóða upp á í tengslum við tjónleysi viðskiptavina og hvar sá skurðpunktur kunni að vera, ef svo er. Fjármálastjóra falið að taka verkefnið áfram.

#### 3. Starfsmannamál FSÍ – til samþykktar

Í lok febrúar 2020 lét af störfum einn starfsmaður á skrifstofu FSÍ en ekki hefur verið ráðið í það starf að nýju. Í tengslum við endurmat á fjárhagsáætlun sbr. lið 1 var farið yfir verkefni skrifstofu og mönnun hennar. Í þeirri skoðun kom fram að á undanförunum árum hefur starfsfólk skrifstofu verið mjög störfum hlaðið og fyrirbyggjandi eru stór verkefni á næstu árum. Enn fremur hefur staðið til að ráða starfsmann til starfa við yfirfærslu fræðslukerfis sambandsins á starfrænt form og til að búa til 3. stig menntuninnar sem hefur staðið til lengi en gert hefur verið ráð fyrir þeim lið í fjárhagáætlunum sambandsins undanfarin ár. Eftir framangreinda



skoðun er lagt til að bjóða afreksstjóra áhaldafimleika fullt starf en hún hefur undanfarið eitt og hálf ár verið í hálfu stöðugildi. Auk þess verður þeim tveimur starfsmönnum sem ráðnir voru í Eurogym verkefnið boðin störf á skrifstofu FSÍ í framangreind verkefni.

Umræður. Fjárhagsáætlun sem samþykkt var á þingi sambandsins þann 12. september rúmar þessar aðgerðir og því mun stjórn ráðast í gerð ráðningasamninga og starfslýsinga og ganga til samninga við starfsfólk fyrir mánaðamót.

#### 4. Uppskeruhátíð fyrir árið 2020 – til samþykktar.

Skrifstofa FSÍ leggur til að vegna aðstæðna verði uppskeruhátíð FSÍ aflýst í því formi sem hún hefur verið í undanfarin ár og farin verði óhefðbundin leið við afhendingu viðurkenninga. Fimleikafólk ársins, afrek ársins, lið ársins verði afhent þeim sem til viðurkenninganna vinna, afreksfólkið fær heimsókn og við myndum afhendinguna og búum svo til myndband sem sett verður á miðla sambandsins. Eins verður farið að með þjálfara ársins, leiðtoga ársins og starfsmerkin. Hins vegar verði gullmerki og heiðursfélagar heiðraðir sérstaklega á Fimleikþingi 2021 þar sem að þingfulltrúum mun gefast tækifæri til að klappa þeim lof í lófa fyrir þeirra störf fyrir hreyfinguna.

Tækninefndir og félög eru að skila inn sínum tilnefningum og lagt er til að ákvörðun um viðurkenningar verði samþykkt í tölvupósti á milli funda og síðan verði fimleikafólk ársins, lið ársins og afrek ársins kynnt á heimasíðu sambandsins.

Umræður. Samþykkt

#### 5. Jólagjafir starfsmanna – til samþykktar.

Sólveig lagði fram tillögu vegna jólagjafa starfsmanna.

Umræður. Samþykkt.

#### 6. Önnur mál

Lagt er til að drög að nýju fræðslukerfi verði kynnt fyrir stjórn í viku eitt á nýju ári.

Umræður. Framkvæmdastjóri falið að finna tíma fyrir 30 mín. kynningu.

Fundadagatal næstu annar hefur verið samþykkt á milli funda og er framkvæmdastjóra falið að birta það á heimasíðu sambandsins.

**Fundi slitið kl. 17:45**

**6. fundur stjórnar verður haldinn á Teams, þriðjudaginn 12. janúar kl. 17:00**